

ÖLDUNGUR HF.

Sóltún 2  
105 Reykjavík  
Ísland  
Sími: 590 6000  
Bréfsími: 590 6001  
Tölvupóstfangl: soltun@soltun.is



Fara þarf yfir sparifatnað í tíma fyrir hátíðar. Vinsamlegast látið vita tímanlega ef íbúi fer í heimboð um hátíðar.



Öldungur hf. opnaði hjúkrunarheimilið Sóltún 7. janúar 2002. Heimilið hefur þjónustusamning við ríkið um rekstur til næstu 25 ára. Íbúar heimilisins eru 92. markmið Sóltúns er að veita íbúum sínum bestu hjúkrun og aðra þjónustu sem völ er á, á hverjum tíma og vera aðlaðandi starfsvettvangur. Allir þættir varðandi hönnun húsnæðis og val á hús- og tækjabúnaði hefur miðast við það. Sóltún tekur þátt í að mennta fagfólk innan heilbrigðisþjónustu í samvinnu við menntastofnanir.

Sálmur nr: 77 Kom blessuð ljóssins hátíð

1. Kom blessuð, ljóssins hátíð, helgi þín minn hug og vilja göfgi, vermi, fylli, svo máttugt verði og heilög hugsun mín og hörpu mína Drottins andi stilli.
2. Ó, send mér, Guð minn, geislabrot í nótt, er glóir stjarna þín í bláu heiði, sem gefur barni veiku vilja þrótt að vinna þér á hverju æviskeiði.
3. Mig vantar styrk í kærleik, kraft í trú, og kristilega auðmýkt barnsins góða. En veikleik minn og breyskleik þekkir þú og þrá míns hjarta, bænarmálið hljóða.
4. Ó, gef mér kraft að græða fáein sár, og gjörðu hjart og hreint í sálu minni, svo verði hún kristalstær sem barnins tár og tindri í henni ljómi af hátign þinni.
5. Ó, gef mér barnsins glaðan jólahug, við geisla ljósadýrðar vært er sofnar. Þá hefur sál mín sig til þín á flug, og sérhvert ský á himni mínum rofnar.

FRÉTTIR ÚR SÓLTÚNI

10.12.2004

Í ÞESSU TÖLUBLADI

JÓLAGUÐ-ÞJÓNUSTA 2004	1
JÓLAKVEÐJA	1
DAGSKRÁ	2
ELDHÆTTA	2
JÓLASAGA	3
SÁLMUR	4

JÓLAGUÐÞJÓNUSTA 2004

Guðþjónusta verður í Sóltúni á aðfangadegi jóla kl. 14. Séra Bjarni Karlsson sóknarprestur í Laugarnessókn predikar og þjónar fyrir altari ásamt djáknum Sóltúns. Kvartett Þorvaldar Þorvaldssonar syngur. Organisti er Sigrún M. Þórsteinsdóttir

Eldhús Sóltúns sendir öllum íbúum stórglæsilegan jóla- og áramótamatseðill viku fyrir jól.



VIÐ LEGGJUM ÁHERSLU Á:

- Sjálfræði einstaklingsins
- Virðingu fyrir einkalífi
- Athafnaþrá sé mætt
- Öryggi og vellíðan í fyrirrúmi
- Starfsemin í stöðugri endurskoðun
- Virkt gæðaeftirlit með þjónustu

GLEÐILEG JÓL

Stjórn og starfsfólk Sóltúns óskar íbúum og aðstandendum þeirra gleðilegra jóla, guðs blessunar og farsældar á nýju ári.



## DAGSKRÁ DESEMBERMÁNAÐAR

30.nóv. Verslunin Daman og Ítakt verða með fatakynningu kl.14 í samkomusal

3.des. Lesið verður upp úr bókunum Eyjólfur sundkappi og Átakadagar Elínar Torfadóttur kl. 11 í samkomusal

6.des. Lesið verður upp úr bókunum Halldór Laxness, ævisagu og Héðinn, Bríet, Valdimar og Laufey, samtímasögu kl: 14.00 í samkomusalnum

7.des. Jólhlaðborð 2.hæðar í samkomusal kl. 12

9.des. Jólhlaðborð 1.hæðar í samkomusal kl. 12

10.des. Börn úr leikskólanum Hof koma og syngja í samkomusalnum kl. 11

14.des. Jólhlaðborð 3.hæðar í samkomusal kl. 12

14.des. Sellóleikarar frá Susuki skólanum koma og spila í samkomusal kl. 15

15.des. Skagfirska söngsveitin í Reykjavík kemur og syngur í samkomusal kl. 19.30

22.des. Monika og Páll Óskar koma og syngja í samkomusalnum kl. 11

24.des. Jóluguðþjónusta í Sóltúni kl. 14



Vegna eldhættu eru kertaskreytingar ekki leyfðar í Sóltúni. Hægt er að fá kertaljós með batteríi í skreytingar í staðinn.

## LÍTIL HJARTNÆM SAGA AF JÓLUNUM

Maður nokkur refsaði 3ja ára gamalli dóttur sinni fyrir það að eyða heilli rúllu af gylltum pappír. Ekki var mikið til af peningum og reiddist hann þegar barnið reyndi að skreyta lítið box til að setja undir jólatréð. Engu að síður færði litla stúlkan föður sínum boxið á jóladagsmorgun og sagði: „Þetta er handa þér pabbi“. Við þetta skammaðist faðir stúlkunnar sín fyrir viðbrögð sín daginn áður.

En reiði hans gaus upp aftur þegar hann áttaði sig á því að boxið var tómt. Hann kallaði til dóttur sinnar, „veistu ekki að þegar þú gefur einhverjum gjöf, þá á eitthvað að vera í henni?“ Litla stúlkan leit upp til pabba síns með tárin í augunum og sagði: „Ó pabbi boxið er ekki tómt. Ég bles fullt af kossum í það. Bara fyrir þig pabbi.“

Faðirinn varð miður sín. Hann tók utan um litlu stúlkuna sína og bað hana um að fyrirgefa sér. Það er sagt að mörgum árum seinna, þegar faðir stúlkunnar lést, og hún fór í gegnum eigur hans hafi hún fundið gyllta boxið frá því á jólnum forðum við rúmstokkinn hans, þar hafði hann haft það alla tíð; þegar honum leið ekki vel gat hann tekið upp ímyndaðan koss og minnst allrar ástarinnar sem barnið hans hafði gefið honum og sett í boxið.

Í vissum skilningi höfum við allar lifandi mannverur tekið á móti gylltum boxum frá börnunum okkar, fjölskyldum og vinum, fullum af skilyrðislausri ást og kossum. Það getur enginn gefið dýrmætari gjöf.

Í dag skaltu gefa þér augnablik og njóta stórrar handfylli og minningum. Og mundu að þær verma hjarta þitt og bráðna þar, en ekki í höndum þínum.

